

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ArcticLas ltd CRO Krókhálsi 5d



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	23.2.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	ArcticLas ltd CRO	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Krókhálsi 5d	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5503881389	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit sem fer fram á tveggja ára fresti. Engin frávik komu fram og engar athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Umfang starfseminnar – Rekstraraðili hefur heimild til að flytja inn og rækta allt að 2000 erfðabreyttar mýs á ári með mismunandi erfðabreytingar. Einnig hefur rekstraraðili heimild til að flytja inn og geyma fósturvísu í fljótandi köfnunarefni. Einungis er verið að vinna með 2 erfðabreyttar línur af músum eins og er.

Byrjað var á vettvangsferð og aðstæður skoðaðar. Snyrtilegt var um að lítast og vel skipulagt. Litið var á óerfðabreyttar rottur og mýs, sem og erfðabreyttu línurnar af músum. Ræktun og rannsókn fer fram á músum sem stoppa stutt, mesta lagi 3 mánuði meðan þær eru bólusettar og rannsakaðar. Aðstaða fyrir geymslu á fósturvísu var skoðuð en þeir eru geymdir í fljótandi köfnunarefni.

Eftirlitsmanni var afhent skjöl yfir úrgang í eftirlitinu og farið var yfir skráningar og vinnudagbækur sem voru vel uppfærðar. Afmörkunarráðstafanir svo sem músagildir eru til staðar og engin óhöpp hafa komið upp. Skilti eru til staðar og aðgangur takmarkaður að aðstöðunni. Þá hefur stofnuninni borist þær áætlanir sem til er krafist.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.06.2017

Einar Halldórsson